

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0055
LA

Efni: Umsögn um rannsóknarleyfi vegna mögulegrar vatnsaflsvirkjunar í Þorvaldsdalsá í Þorvaldsdal, Dalabyggð.

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 25. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Arctic Hydro um rannsóknarleyfi vegna mögulegrar vatnsaflsvirkjunar í Þorvaldsdalsá í Þorvaldsdal.

Rannsóknaráætlun felur í sér landmælingar, jarðfræðirannsóknir, m.a. könnunargryfjur og kjarnaboranir, og rennismælingar. Auk þess verður á tímabilinu rannsakaðir helstu umhverfisþættir er verða settir fram í mati á umhverfisáhrifum. Sótt er um rannsóknarleyfi til 5 ára. Ekki er gert ráð fyrir lagningu vegslóða í tengslum við rannsóknir, öllu raski t.d. vegna könnunargryfja og borhola, verður haldið í lágmarki og gengið frá landinu í sem næst upprunalegu horfi strax að rannsóknum lokum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér rannsóknir og rannsóknaráætlun í umsókn Arctic Hydro. Stofnunin skrifaði í mars 2024 umsögn til Skipulagsstofnunar um matsáætlun fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda í Þorvaldsdal. Þar kemur fram að Þorvaldsdalur er innan svæðis á náttúruverndarsvæði sem nefnist Fjalllendið á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (nr. 423/501), og er á skrá aðallega vegna landslags og landforma. Þá er Þorvaldsdalur hverfisverndarsvæði vegna landforma við Kotahóla, Brattavallahóla, Hrafnagilshrauns og Kúgilsvatns.

Þorvaldsdalur er lítt raskaður og vel gróinn. Dalurinn er fallega mótaður af ísaldarjökklum og þar má sjá fjölbreytt landform s.s. berghlaup, framhlaupsurðir, aurkeilur, jökulgarða, jökulurðir o.fl..

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við útgáfu rannsóknarleyfis vegna mögulegrar vatnsaflsvirkjunar í Þorvaldsdal. Stofnunin gerir ráð fyrir því að raski á umhverfi vegna rannsókna verði haldið í lágmarki og að frágangur þess verði til fyrirmyndar að rannsóknum loknum þar sem verndargildi Þorvaldsdals snýst fyrst og fremst um landslag og landslagsform.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

